

Birtist á Eyjan.is, 28. apríl 2014.

Grátkórinn hljómar

Jón Steinsson

Umræða síðustu daga um veiðigjaldið sýnir einkar vel kosti uppboðs á veiðiheimildum. Uppboð er markaðslausn þar sem fyrirtækin sjálf gefa til kynna með boðum sínum hversu hátt gjald þau ráða við og hvað raunverulegt markaðvirði þeissara réttinda er sem þau væru þá að leigja.

Á meðan gjaldtaka í sjávarútvegi er í formi veiðigjalds mun grátkór LÍÚ hljóma eins og hann hefur hljómað síðustu daga. Og LÍÚ mun setja fram alls kyns tölur því til stuðnings að útgerðin hafi ekki bolmagn til þess að greiða veiðigjaldið, hversu lágt sem gjaldið verður og hversu góð sem afkoma fyrirtækjanna er. Þeir munu alltaf geta bent á verst rekna útgerðarfyrirtækið í allri greininni og sagt: Gjaldið mun valda því að þetta fyrirtæki fer í þrot.

Á meðan gjaldtaka í sjávarútvegi er í formi veiðigjalds munu stjórnámálamenn hliðhollir LÍÚ líka alltaf geta sagt eins og Bjarni Benediktsson sagði í dag að umræðan um upphæð veiðigjaldsins sé „gjörsamlega prinsiplaus umræða“ og að vinstriflokkarnir líti á „afkomu útgerðanna sem einhverja skúffu eða einhvern poka sem er hægt að skammta sér af.“

Hér er einfalt prinsíp: Útgerðin á að greiða markaðsverð fyrir þau veiðiréttindi sem henni er úthlutað.

Hér er einföld aðferð til þess að ná fram þessu prinsípi: Uppboð á veiðiheimildum.